

Ed.

251. Frumvarp

til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti, sem það verður ekki lagt á með niðurjöfnun útsvara og liggur í sjerstökum tekjum, fengið með því að leggja gjald á fasteignir í kaupstaðnum.

2. gr.

Fasteignagjald samkv. 1. gr. skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögum, og ákveðst það þannig:

Af öllum húseignum í bænum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, ennfremur af öllum lóðum, sem einstakir menn eiga eða hafa leigurjett yfir, skal greiða í fasteignagjald 0,4% — fjörutíu auru — af hverjum fullum hundrað krónum virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum. Minni upphæð en hundrað krónur kemur ekki til greina.

Undanskilin gjaldi þessu eru öll tún og hagar, matjurtagarðar og fiskreitir, svo og allar fasteignir bæjarins og allar eignir ríkissjóðs, sem ekki eru öðrum leigðar.

Gjald þetta greiði eigendur húsa og leigutakar lóða eða notendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, söt-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til þess að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum, og er gjalddagi 15. maí ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á húseign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum á eigninni, að fasteignaskatti til rikissjóðs undanskildum. Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótum á sama hátt.

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi fasteignagjaldið í 2 ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sinum.

6. gr.

Sje fasteignagjald, útsvar eða önnur bæjargjöld ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði, sem liður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld, að því er Vestmannaeyjakaupstað snertir, 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, um gjald til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 6. greinar um dráttarvexti skal þó ekki beitt fyr en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Fasteignagjald samkv. 1. gr. reiknist fyrst frá 1. janúar 1927.